



# Ungmennaráð Hrunamannahrepps

6. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn þriðjudaginn 11. mars 2025 kl. 18:00 í Huppusal í Félagsheimili Hrunamannahrepps.

- Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir formaður, Íris Birna Árnadóttir aðalmaður, Ingunn Lilja Arnórsdóttir aðalmaður, Sara Nadía Gunnarsdóttir aðalmaður og Katrín Katla Guðmannsdóttir aðalmaður.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason starfsmaður Ungmennaráðs sem ritaði fundargerð í tölvu.

## 1. Flutningar á Félagsmiðstöðinni Zero

- Ungmennaráð vill koma á framfæri óánægju nemenda með fyrirhugaðan flutning Félagsmiðstöðvarinnar Zero í húsnæði Flúðaskóla. Þá er ungmennaráð ósátt við að hafa ekki fengið sæti við borðið þegar svo umfangsmiklar ákvarðanir eru teknar sem varða börn og ungmenni í sveitarfélaginu.

## 2. Nýtt leiktæki í Lækjargarðinn

- Erindi barst frá sveitarstjórn en ungmennaráð leggur nokkrar hugmyndir til. Tillögur í Lækjargarð: Skólahreystisbraut, rennibraut, snúningstæki (sjá mynd), snúnings vegasalt (sjá mynd):



- Í dag er Blakvöllur og Frisbígolfvöllur til staðar við Lækjargarð, ekki allir eiga slíkan búnað. Ungmennaráð leggur til að nálgast megi slíkan búnað (bolta og frisbídiska) í nýju fyrirhuguðu bókasafni á jarðhæð Félagsheimilis, slíkt væri þá í boði til láns eða leigu. Endurnýja þarf netið og búnaðinn á blakvellinum.

## 3. Opnunartími íþróttamannvirkja

- a. Ungmennaráð vill koma á framfæri óskum um að opnunartími sundlaugar sé lengdur á kvöldin. Þá er mjög brýnt að gæta þess að íþróttahús/ræktin sé opin yfir sumartímann.

#### 4. Heilsuvika 2025

- a. Erindi barst frá LÆ-nefnd um að ungmennaráð skipuleggi dagskrá fyrir Heilsuviku laugardaginn 6. sept. 1-2 kl. viðburður, ungmennaráð tekur vel í þetta og mun koma saman þriðjudaginn 1. apríl og móta dagskrá.

#### 5. Ungmennaping

- a. Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps kom inn á fund þar sem lögð var fram hugmynd að ungmennapingi. Ungmennaráð Hrunamannahrepps tekur vel í erindið og telur mikilvægt að rödd ungmenna fái aukið vægi í ákvörðunartökum um málefni er varða ungmenni.
  - i. Ungmennapingið myndi ganga út á það að ræða málefni sem skipta börn og ungmenni máli. Hugmyndin er að ungmennaráð sveitarfélaganna í Uppsveitum og Flóa ákveði málefni/þemu sem rædd eru í hópum á ungmennapinginunni.
- b. Lagt til að boða ungmennaráð sveitarfélaganna á fund á næstu vikum þar sem dagskrá ungmennapings yrði mótað.
- c. Mikilvægt sé að ungmennapingið sé haldið fyrir sumarfrí.

Fundi slitið kl. 19:47